

Takk hreinlæti ehf.
Draghálsi 20
110 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2021
UST202111-291/B.B.B.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að handsóttthreinsar sem væru til sölu í verslunum Krónunnar uppfylltu mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Við eftirlit í Krónunni Bíldshöfða þann 1. nóvember sl. fannst varan **Handspritt 85%** til sölu í 100 mL og 600 mL umbúðum, sem fyrirtækið Takk hreinlæti ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á í skilningi efnalaga. Við skoðun varanna kom í ljós að þær uppfylltu ekki skilyrði merkingar, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP) sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Takk hreinlæti ehf. frest til 24.01.2022 til að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkingum fyrir vörurnar ásamt staðfestingu að bætt hafi verið úr fráviki vegna áþreifanlegrar viðvörunar fyrir vöruna í 100 mL umbúðum. Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202111-291.

Umhverfisstofnun veitir Takk hreinlæti ehf. hér með frest til 3. janúar nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 3. janúar nk.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um markaðssetningu sæfivara og kröfur er varða flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar.¹

Fyrirtækinu er velkomið að leita til stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur og hættuflokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í síma 591-2000. Nánari upplýsingar um efni bréfsins eða meðfylgjandi eftirlitsskýrslu veitir Bergdís Björk Bæringsdóttir í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið bergdisbb@ust.is.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/>
<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>